

Beiðni um aðgang að forngripum til skoðunar

Umsókn ber að skila að lágmarki tveimur vikum fyrir æskilegan skoðunartíma. Umsókn er hægt að senda rafrænt á netfangið safngripir@thjodminjasafn.is eða í pósti: Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

Tekið getur allt að viku áður en umsókn er svarað og reikna má með allt að tveggja vikna afgreiðslutíma.

Skoðunaraðstaða Þjóðminjasafns Íslands í húsnæði munasafns að Vesturvör 16-20, Kópavogi, er frátekin í áætlaðan skoðunartíma. Ef óskað er eftir framlengingu eða frestun á fráteknum tíma verður að tilkynna það starfsmanni Þjóðminjasafns með hæfilegum fyrirvara vegna ráðstöfunar aðstöðu.

Athugið að nákvæmar upplýsingar um safnnúmer, fundarstað og gerð gripa flýtir fyrir afgreiðslu umsóknar.

Ef um fjölda gripa er að ræða áskilur safnið sér rétt til að skipta útláninu í minni hluta eftir nánara samkomulagi við umsækjanda.

Meðhöndlun gripa skal fara fram með ýtrustu varkárni og eftir leiðbeiningum starfsfólks Þjóðminjasafns. Þegar um viðkvæma gripi er að ræða fer skoðun fram eftir nánari leiðbeiningum og eftirliti forvarðar.

Leiðbeiningar við útfyllingu á eyðublaði

Nafn, heimilisfang og aðrar upplýsingar um umsækjanda fyllist út.

Stofnun sem umsækjandi tengist í verkefninu, t.d. náms- eða rannsóknarstofnun.

Gerid grein fyrir verkefninu, heiti verkefnis og höfuðmarkmiðum.

Tilgreinið leiðbeinanda ef um námsverkefni er að ræða.

Tilgreinið hvaða gripum óskað er eftir til skoðunar. Listi getur fylgt á eigin blaði ef þörf krefur. Ef um fleiri en 20 safnnúmer er að ræða þarf að senda lista rafrænt í töflureikni (Excel).

Ef safnnúmer grips er ekki skráð verður að tilgreina númer grips skv. fundarskrá viðeigandi rannsóknarskýrslu.

Tilgreinið hvenær og hversu lengi óskað er eftir aðgengi að gripum og aðstöðu.

Sendið umsókn undirritaða af umsækjanda og leiðbeinanda ef við á.

Skyggðir reitir fyllist út af starfsmanni Þjóðminjasafns.

